

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er heimilt að leggja sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu í bænum.

2. gr.

Sorphirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis, að lágmarki kr. 9.700, er innheimt árlega með fasteignagjöldum, af íbúðum í bænum. Innifalið í því gjaldi er eitt sorpílát og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

Fyrir hvert aukasorpílát heimila er á sama hátt innheimt árlega, og fyrirfram, gjald eftir því sem hér segir:

	kr.
1. fyrir 240 l tunnu	9.700
2. fyrir 500 l gám	22.773
3. fyrir 660 l gám	26.885

Heimili sem óska eftir aukasorpíláti skulu beina ósk þar að lútandi til tæknideildar bæjarins að Völuteigi 15.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem gildir frá 1. janúar 2006 er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með vísan til samþykktar um sorphirðu og hreinsun opinna svæða í Mosfellsbæ nr. 589/1998 með síðari breytingum og með vísan til 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Við samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldaskrá um sama efni nr. 1022, frá 13. desember 2004.

Mosfellsbæ, 30. desember 2005.

Stefán Ómar Jónsson bæjarritari.

B-deild – Útgáfud.: 12. janúar 2006